

Mánudagur 27. október 1969.

Nr. 163/1968. **Haraldur Þorsteinsson** (enginn)

gegn

**Ragnari Haraldssyni og gagnsök**

(Björn Sveinbjörnsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Útivist aðaláfrýjanda. Skuldamál. Fjárnámsgerð staðfest.

### Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 26. september 1968. Er málið var tekið þar fyrir til munnlegs flutnings hinn 22. þ. m., var þing eigi sótt af hendi aðaláfrýjanda. Ber því að fella aðalsök í máli þessu niður, sbr. 39. gr. laga nr. 57/1962.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 31. október 1968, að fengnu áfrýjunarleyfi 29. s. m. Dómkröfur hans eru þessar:

„*Aðallega*, að aðaláfrýjandi verði dæmdur til að greiða gagnáfrýjanda kr. 106.115.00 ásamt 1% vanskilavöxtum á mánuði eða byrjuðum mánuði af kr. 37.800.00 frá 1/7 1965 til 1/10 s. á., af kr. 58.445.00 frá þeim degi til 2/11 s. á. og frá þeim degi af kr. 76.145.00 til 30/12 s. á., en af kr. 96.040.00 frá þeim degi til 15/1 1966, en af kr. 103.865.00 frá þeim degi til 15/2 s. á., af kr. 88.865.00 frá þeim degi til 1/8 s. á. og loks af kr. 91.115.00 frá þeim degi til greiðsludags, allt að frádregnum kr. 15.000.00.

*Til vara* er þess krafizt, að aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda kr. 81.870.00 að frádregnum kr. 15.000.00, eða kr. 66.870.00, með 1% vanskilavöxtum á mánuði frá 1. jan. 1966 til greiðsludags.

*Til þrautavara* er krafizt staðfestingar hins áfrýjaða dóms, þó með þeirri breytingu, að krafizt er 1% vanskilavaxta á mánuði frá 1. jan. 1966 til greiðsludags.

Þess er ennfremur krafizt, að hin áfrýjaða fjárnámsgerð, er fram fór 30. ágúst 1968, verði staðfest og að aðaláfrýj-

anda verði gert að greiða gagnáfrýjanda hæfilegan málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti að mati Hæstaréttar“.

Samkvæmt kröfu gagnáfrýjanda var gert fjárnám eftir héraðsdómi í eign aðaláfrýjanda hinn 30. ágúst 1968. Þar sem gagnáfrýjandi gerði þá ekki fyrirvara um áfrýjun af sinni hálfu, hefur hann fyrirgert áfrýjunarrétti til heimtu hærri fjárhæðar en héraðsdómur dæmdi. Ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm. Með því að engir annmarkar eru á hinni áfrýjuðu fjárnámsgerð, ber að staðfesta hana.

Aðaláfrýjandi hafði áfrýjað málinu, áður en gagnáfrýjandi tók út áfrýjunarstefnu sína, og var þá ástæða til, að gagnáfrýjandi áfrýjaði málinu til staðfestingar héraðsdómi. Er því rétt, að aðaláfrýjandi greiði málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 15.000.00.

#### Dómsorð:

Aðalsök máls þessa fyrir Hæstarétti er felld niður.

Í gagnsök er hinn áfrýjaði dómur og fjárnámsgerð staðfest.

Aðaláfrýjandi, Haraldur Þorsteinsson, greiði gagnáfrýjanda, Ragnari Haraldssyni, kr. 15.000.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

#### Dómur bæjarþings Reykjavíkur 25. júlí 1968.

Mál þetta, sem tekið var til dóms hinn 27. f. m., hefur Ragnar Haraldsson, Norður-Reykjum, Mosfellssveit, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni hinn 2. marz 1967, á hendur Haraldi Þorsteinssyni, Miðtúni 30 hér í borg, til greiðslu á skuld að fjárhæð kr. 106.115.00 ásamt 1% dráttarvöxtum á mánuði eða byrjuðum mánuði af kr. 37.800.00 frá 1. júlí 1965 til 1. október s. á., af kr. 58.445.00 frá þeim degi til 2. nóvember s. á., af kr. 76.145.00 frá þeim degi til 30. desember s. á., af kr. 96.040.00 frá þeim degi til 15. janúar 1966, af kr. 103.865.00 frá þeim degi til 15. febrúar s. á., af kr. 88.865.00 frá þeim degi til 1. ágúst s. á. og af kr. 91.115.00 frá þeim degi til greiðsludags auk málskostnaðar að mati dómsins, allt að frádregnum kr. 15.000.00. Auk framangreindra krafna var þess krafizt til vara við munnlegan flutning

málsins, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda fyrir 870 m<sup>3</sup> fyllingarefnis á kr. 90.00 hvern rúmmetra að viðbættum 25%, en til þrautavara, að stefndi verði dæmdur til að greiða fyrir 870 m<sup>3</sup> á kr. 75.00 hvern rúmmetra að viðbættum 25%.

Stefndi hefur krafizt sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans að mati dómsins.

Í stefnu er málavöxtum lýst svo, að stefnandi hafi undanfarin ár rekið starfsemi með sölu og flutningi á fyllingarefni til fyllingar í grunna nýbygginga. Hann hafi látið stefnda í té fyllingarefni í grunn hússins nr. 1 við Álftamýri og sé höfuðstóll stefnukröfunnar andvirði þess efnis. Hinn 15. febrúar 1966 hafi stefndi greitt upp í skuld sína kr. 15.000.00 án nokkurs fyrirvara, en þrátt fyrir ítrekaðar innheimtutilraunir hafi stefndi eigi verið fáanlegur til að inna frekari greiðslur af hendi.

Stefnandi hefur skýrt svo frá fyrir dómi, að stefndi hafi tekið að sér sem verktaki að grafa grunn hússins nr. 1 við Álftamýri og setja í hann fyllingarefni. Hafi þeir aðiljarnir svo gert með sér samning um það, að hann, þ. e. stefnandi, æki fyllingarefni í umræddan húsgrunn fyrir kr. 75.00 hvern rúmmetra fyllingarefnis mælt laust. Stefnandi kveðst hafa boðið stefnda að aka fyllingarefni í grunninn fyrir kr. 90.00 hvern rúmmetra og þá miðað við fyllingarefnið mælt þjappað í grunninum, en stefndi hafi ekki viljað samþykkja það tilboð, þar sem hann hafi talið sig ná hagstæðari samningi með hinum fyrrgreindu kjörum. Stefnandi kveðst fyrst hafa reynt að fá stefnda til að greiða fyrir verkið um sumarið 1965, en stefndi hafi borið við fjárskorti og ekki sagzt geta greitt, fyrr en húseigandinn hefði greitt sér fyrir verkið. Þrátt fyrir ítrekaðar innheimtutilraunir hafi stefndi síðan dregið greiðslu, en hinn 15. febrúar 1966 hafi hann greitt kr. 15.000.00 upp í skuldina. Síðan hafi stefndi ekki innt neina greiðslu af hendi. Við framangreinda samningsgerð þeirra aðiljanna kveður stefnandi ekki hafa verið rætt um neinn skuldajöfnuð í sambandi við verk við Norræna húsið og kveðst eigi hafa heyrt á slíkt minnzt, fyrr en undir rekstri máls þessa.

Í greinargerð stefnda er sýknukrafa hans byggð á því, að hann eigi hjá stefnanda vegna fyrri viðskipta þeirra aðiljanna hærri fjárhæð en krafa stefnanda í máli þessu nemur. Því muni stefndi hafa uppi kröfu um skuldajöfnuð á þeirri kröfu og kröfu stefnanda og muni stefndi jafnframt krefjast sjálfstæðs dóms um það, sem umfram kann að vera. Við munnlegan flutning málsins var því og haldið fram, að endurgjald það, sem stefnandi

krefst fyrir umrætt verk, sé of hátt, enda hafi aðiljarnir samið um greiðslu, er næmi kr. 75.00 fyrir hvern rúmmetra af þjöppuðu efni.

Stefndi hefur skýrt svo frá varðandi viðskipti þau, sem þeir aðiljarnir hafi átt saman, að í ársbyrjun 1965 hafi stefnandi tekið að sér að grafa fyrir grunni Norræna hússins og fylla hann með sandi og hafi uppgröftur þessi numið 8.000 m<sup>3</sup>. Hann kveður þeim aðiljunum hafa komið saman um það, að hann, þ. e. stefndi, skyldi leggja til vél til framkvæmdar verksins, en stefnandi skyldi greiða fyrir vélarleiguna með uppfyllingarefni. Ekki kveður stefndi endanlegar tölur hafa verið ákveðnar fyrir þessa vinnu, en miðað hafi verið við gangverð á þeim tíma, sem verkið var unnið. Stuttu síðar kveðst stefndi hafa tekið að sér fyrir stefnanda að grafa grunn hússins nr. 5 við Skeifuna og hafi endurgjald fyrir verkið numið kr. 146.250.00. Af þeirri fjárhæð kveður stefndi stefnanda hafa greitt sér kr. 115.000.00 og nemi því eftirstöðvagnar kr. 31.250.00. Kveður stefndi því stefnanda skulda sér síðastgreinda fjárhæð auk greiðslu fyrir vélarleigu við gröft á grunni Norræna hússins. Um mitt sumar 1965 kveðst stefndi svo hafa tekið að sér að grafa fyrir grunni hússins nr. 1 við Álftamýri og hafi hann einnig átt að fylla grunninn með sandi. Kveðst hann hafa samið um það við stefnanda, að hann léti í té fyllingarefni í grunninn. Hann kveður stefnanda hafa boðið tvenns konar verð, annars vegar kr. 65.00 fyrir hvern rúmmetra kominn á staðinn og hins vegar kr. 75.00 fyrir hvern rúmmetra og væri þá efnið mælt þjappað á staðnum. Til þess að fyrirbyggja ágreining kveðst stefndi hafa tekið hærra tilboðinu og hafi átt að mæla magnið að verki loknu. Í skýrslu sinni kveður stefndi þessa mælingu þó ekki enn hafa verið framkvæmda og stafi það m. a. af því, að stefnandi hafi ekki enn, þ. e. í aprílmánuði 1967, ekið öllum þeim sandi, sem honum hafi borið, til þess að unnt væri að ljúka verkinu, og einnig hafi veðurfar valdið því, að ekki var hægt að ljúka verkinu. Kveður stefndi tölur þær, sem stefnandi byggir kröfur sínar á, vera hreina ágizkun, þar sem uppmæling hafi ekki farið fram og engin leið að vita um efnismagn, án þess að það sé gert. Þá kveður stefndi það ekki rétt, að hann hafi hinn 15. febrúar 1966 greitt kr. 15.000.00 upp í hina umstefndu kröfu, heldur hafi hér verið um að ræða lán til stefnanda, þar sem hann hafi sagzt vera í fjárhagsvandráðum vegna erlends láns. Kveðst stefndi eiga kvittun stefnanda fyrir láni þessu.

Stefnandi hefur skýrt svo frá varðandi framkvæmd verksins

við grunn Norræna hússins, að hann hafi gert tilboð í að grafa grunninn og fylla hann aftur með sandi og hafi því tilboði verið tekið. Stefnandi kveður þá Gylfa Magnússon hafa samið þetta tilboð að ýmsu leyti saman, en stefnandi kveðst sjálfur hafa undirritað tilboðið og einn verið ábyrgur sem verktaki. Stefnandi kveðst svo hafa samið um það við Gylfa, að hann tæki að sér að grafa grunn hússins. Hafi Gylfi tekið það að sér og unnið að verkinu með gröfu, sem hann hafi verið eigandi að. Eftir að unnið hafi verið að verkinu í nokkurn tíma, kveður stefnandi Gylfa hafa þurft að nota gröfuna við framkvæmd annars verks og hafi Gylfi þá séð um að útvega aðra gröfu í staðinn. Kveðst stefnandi síðar hafa komið að raun um, að það var stefndi, sem átti þá gröfu. Á meðan á verkinu stóð, kveðst stefnandi nokkrum sinnum hafa hitt stefnda að máli, en hann kveðst aldrei hafa rætt um það við stefnda, að hann ætti að taka verkið að sér, og því hafi aldrei verið gerður samningur um það af sinni hálfu við stefnda. Kveðst stefnandi telja, að hann sé búinn að greiða Gylfa fyrir gróftinn við Norræna húsið. Að því er varðar verkið við húsið Skeifuna 5, kveður stefnandi, að það sé til komið á sama eða svipaðan hátt og við Norræna húsið. Kveðst hann hafa gert tilboð í að grafa grunn hússins og hafi það tilboð verið samþykkt. Kveðst hann svo hafa samið við Gylfa um að grafa grunninn, en verið geti, að stefndi hafi eitt sinn verið viðstaddur viðræður þeirra Gylfa, en þeir Gylfi og stefndi hafi átt saman a. m. k. aðra gröfuna, sem notuð var við verkið. Stefnandi kveður svo byrjað hafa verið að grafa grunninn með sömu gröfu og við Norræna húsið og síðan hafi báðar gröfurnar verið notaðar samtímis við verkið. Stefnandi kveðst hafa greitt fyrir þetta verk kr. 115.000.00 í tveimur greiðslum og hafi hann innt þær af hendi til stefnda að beiðni Gylfa. Hann kveður þetta ekki hafa verið fullnaðargreiðslu, en hins vegar hafi þetta verk verið gert upp ásamt fleiri verkum við fullnaðaruppgjör. Varðandi þær kr. 15.000.00, sem stefndi greiddi hinn 15. febrúar 1966, hefur stefnandi skýrt svo frá, að hann hafi á þessum tíma verið að festa kaup á bifreið og hafi hann þurft að ná saman öllu því fé, sem tiltækt var. Kveðst hann vafalaust hafa sagt stefnda, að hann þyrfti að fá greitt upp í skuldina vegna erlends láns, sem á hann væri að falla.

Vitnið Gylfi Magnússon hefur skýrt svo frá, að stefnandi hafi samið um það við sig að grafa fyrir grunni Norræna hússins og hafi hann átt að fá ákveðna krónutölu fyrir hvern rúmmetra af uppgrafinni mold. Kveðst Gylfi hafa lagt til gröfu, sem hann hafi

átt með tveim öðrum mönnum, og hafi stefndi verið annar þeirra. Gylfi kveður gröfu þessa aðeins hafa verið til taks um helgar og hafi málin þróast þannig, að stefndi hafi lagt til aðra vél, sem hann hafði umráð yfir. Telur Gylfi efalaust, að hann hafi beðið stefnda um að leggja til gröfu við framkvæmd verksins, þótt hann treysti sér ekki um það að fullyrða. Ekki kveðst Gylfi vita, hverja samninga aðiljar máls þessa hafi gert um greiðslu fyrir síðari gröfuna. Gylfi kveður endanlegt uppgjör fyrir fyrri gröfuna enn ekki hafa farið fram, svo að hann viti. Kveðst Gylfi hafa afskrifað skuld þá, sem hann kynni að hafa átt á hendur stefnanda fyrir vinnuna við Norræna húsið, enda hafi hann talið hana glataða, þar sem hann hafi ekki haft neitt skriflegt í höndunum fyrir henni. Gylfi kveður afskipti sín af framkvæmdum við húsið nr. 5 við Skeifuna hafa verið svipuð og við Norræna húsið.

Af hálfu stefnda hafa verið lagðir fram reikningar og nótur fyrir fyllingarefni, samtals að fjárhæð kr. 106.115.00.

Við munnlegan flutning málsins var af hálfu stefnda lagður fram útreikningur Vilhjálms Þorlákssonar verkfræðings á rúm-máli fyllingarefnis í grunn lyfjabúðar við Álftamýri, en það er hús það, sem fjallað er um í máli þessu sem nr. 1 við Álftamýri. Er útreikningur þessi byggður á mælingum og útreikningum gerðum hinn 18. janúar 1966. Samkvæmt útreikningi þessum er magn fyllingarefnisins þetta:

„Fylling undir gólf:		240 m <sup>3</sup> þjappað
— meðfram sökklum	380 m <sup>3</sup>	óþjappað
— á lóð	300 —	—
— í skurði	20 —	—
	<hr/>	
	700 m <sup>3</sup>	

Umreiknað í þjappaða fyllingu:

	240 m <sup>3</sup>
700 × 0,9	630 —
	<hr/>

Samtals 870 m<sup>3</sup>“.

Við munnlegan flutning málsins voru einnig lagðir fram af hálfu stefnda tveir reikningar frá Vélaleigunni h/f, annar fyrir leigu á skurðgröfu við gröft á grunni Norræna hússins, kr. 96.000.00, en hinn fyrir leigu á skurðgröfu við gröft á grunni hússins nr. 5 við Skeifuna.

Af hálfu stefnanda var reikningum þessum svo og útreikningi Vilhjálms Þorlákssonar mótmælt. Var því og mótmælt, að stefndi eigi kröfur á hendur stefnanda vegna framkvæmda við Norræna húsið og Skeifuna 5.

Lögð hefur verið fram útboðslýsing á grefti á grunni og bifreiðastæði umræddrar byggingar og fyllingu á því. Aðiljar buðu báðir í framkvæmd verksins, eins og fram er komið. Í útboðslýsingunni segir m. a. svo: „Tilboð skal þó miða við rúmmetra graftar og rúmmetra í þjappaðri fyllingu, og er rúmmálið fundið með því að mæla grunninn, eftir að grafið hefur verið og síðan eftir að fyllt hefur verið í bílastæði“. Þá er ágreiningslaust, að stefnandi bauð í verkið þannig: Fyrir að grafa og fjarlægja uppgröft, kr. 38.00 fyrir hvern rúmmetra, og fyrir að fylla og þjappa, kr. 90.00 fyrir hvern rúmmetra. Tilboð stefnda var hins vegar þannig: Fyrir að grafa og fjarlægja, kr. 27.00 fyrir hvern rúmmetra, og fyrir að fylla og þjappa, kr. 117.00 fyrir hvern rúmmetra.

Það er ágreiningslaust, að eigi var gerður skriflegur samningur um viðskipti aðiljanna um fyllingarefnið í grunn lyfjabúðarinnar að Álftamýri 1. Samkvæmt skýrslum aðilja þykir mega leggja til grundvallar, að þeir hafi samið um kr. 75.00 sem einingarverð fyrir hvern rúmmetra fyllingarefnis, en þá greinir á um það, hvort þetta einingarverð skyldi miðast við þjappað eða óþjappað efni. Gegn andmælum stefnda hefur stefnandi ekki fært að því sönnur, að efni sammings þeirra hafi verið það, að hann léti stefnda í té fyllingarefnið fyrir kr. 75.00 hvern rúmmetra, mælt óþjappað. Þykir því eigi unnt að leggja til grundvallar reikninga þá, sem stefnandi byggir kröfu sína á. Stefndi hefur eigi lagt fram kvittun fyrir greindum kr. 15.000.00, sem hann kveðst hafa greitt stefnanda sem lán. Þykir því mega leggja til grundvallar, að þar hafi verið um að ræða greiðslu upp í endanlegt endurgjald fyrir verkið. Hins vegar verður eigi talið samkvæmt því, sem fram er komið um aðdraganda að greiðslu þessari, að með henni hafi stefndi viðurkennt endanlega kröfu stefnanda. Samningur aðiljanna var gerður í framhaldi af tilboðum þeim, sem þeir höfðu gert í framkvæmd verksins í samræmi við áðurgreinda útboðslýsingu. Með hliðsjón af því þykir mega skýra samning aðiljanna svo, að þar hafi verið samið um það, að stefndi skyldi greiða kr. 75.00 fyrir hvern rúmmetra fyllingarefnis, mælt þjappað á staðnum, og er þá hafður í huga hæfilegur kostnaður við þjöppun efnisins. Mælingu Vilhjálms Þorlákssonar verkfræð-

ings á efnismagninu hefur að vísu verið mótmælt af hálfu stefnanda, en þar sem hins vegar er byggt að nokkru á því sama efnismagni í varakröfu og þrautavarakröfu stefnanda, þá þykir mega leggja það til grundvallar við úrlausn málsins. Stefndi hefur eigi fært að því nægileg rök, að hann eigi gagnkröfur á hendur stefnanda vegna framkvæmda við Norræna húsið og húsið Skeifuna 5. Þykir því eigi unnt að sinna skuldajafnaðarkröfu hans í þessu máli.

Samkvæmt því, sem hér hefur verið rakið, verða úrslit málsins þau, að stefndi verður dæmdur til að greiða stefnanda kr. 65.250.00 ( $75 \times 870$ ) að frádregnum kr. 15.000.00, er stefndi greiddi hinn 15. febrúar 1966, eða kr. 50.250.00. Með hliðsjón af öllum mála-vöxtum þykir rétt að dæma stefnda til að greiða stefnanda 7% ársvexti af hinni dæmdu fjárhæð frá 1. ágúst 1966 til greiðsludags. Eftir þessum úrslitum málsins verður stefndi dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað, sem ákveðst kr. 12.500.00.

Guðmundur Jónsson borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómendum Guðmundi Magnússyni og Theodór Árnasyni verkfræðingum.

#### Dómsorð:

Stefndi, Haraldur Þorsteinsson, greiða stefnanda, Ragnari Haraldssyni, kr. 50.250.00 með 7% ársvöxtum frá 1. ágúst 1966 til greiðsludags og kr. 12.500.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

#### Fjárnámsgerð fógetadóms Reykjavíkur 30. ágúst 1968.

Ár 1968, föstudaginn 30. ágúst, var fógetaréttur Reykjavíkur settur að Miðtúni 30 og haldinn þar af fulltrúa yfirborgarfógeta, Böðvari Bragasyni, með undirrituðum vottum.

Fyrir var tekið: Málið A 2522/1968: Ragnar Haraldsson gegn Haraldi Þorsteinssyni.

Fógeti leggur fram nr. 1 gerðarbeiðni, nr. 2 birtan dóm bæjarþings Reykjavíkur í málinu nr. 1527/1967, svohljóðandi.

Fyrir gerðarbeiðanda mætir Jón E. Ragnarsson héraðsdómslögmaður og krefst fjárnáms fyrir kr. 50.250.00 með 7% ársvöxtum frá 1. ágúst 1966 til greiðsludags, kr. 12.500.00 í málskostnað samkvæmt gjaldskrá L. M. F. Í, kostnaði við gerðina og eftirfarandi uppboð, allt á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Gerðarþoli býr hér, en er ekki viðstaddur ... /sem upplýsir

að gerðarþoli sé þinglýstur eigandi fasteignarinnar Miðtún 30 (sic).

Samkvæmt kröfu gerðarbeiðanda lýsti fógæti yfir fjárnámi í eign gerðarþola, fasteigninni Miðtúni 30.

Fógæti ákvað, að gerðarþola skyldi tilkynnt um fjárnámið í ábyrgðarbréfi. Fallið var frá virðingu.

Fógæti skýrði þýðingu gerðarinnar.

---

Mánudagur 27. október 1969.

Nr. 84/1969. **Sigurður Helgason**  
 (Kristinn Einarsson hdl.)  
 gegn  
**Herði Helgasyni og gagnsök**  
 (Sigurður Helgason hdl.).

**Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.**

Skuldamál. Samningur um lausn veðbands. Dagsektir.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 5. maí 1969. Dómkröfur hans eru þessar: Að gagnáfrýjanda verði gert að greiða honum kr. 307.825.00 með 1% vöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði af kr. 7.825.00 frá 14. september 1966 til 21. október 1967 og af kr. 307.825.00 frá þeim degi til greiðsludags, að gagnáfrýjanda verði dæmt að viðlögðum kr. 2.000.00 dagsektum til aðaláfrýjanda að leysa veð af eignarhluta aðaláfrýjanda í fasteigninni Safamýri 44, Reykjavík, sem hvílir með 3ja veðrétti á eigninni samkvæmt veðbréfi, dags. 13. desember 1963, til tryggingar skuld að fjárhæð tékkneskar krónur 35.000.00 og að gagnáfrýjandi verði dæmdur til greiðslu málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 9. maí 1969. Krefst hann sýknu og málskostnaðar úr hendi aðaláfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti.